



STJÓRN SSH 438. fundur

Mánudaginn 9. janúar 2017, kl. 12:15, kom stjórn SSH saman til fundar á skrifstofu samtakanna, Hamraborg 9, Kópavogi.

Fundinn sátu: Dagur B. Eggertsson, Haraldur Líndal Haraldsson, Ármann Kr. Ólafsson, Ásgerður Halldórsdóttir, Haraldur Sverrisson, Gunnar Einarsson og Guðný Ívarsdóttir.

Páll Guðjónsson, framkvæmdastjóri SSH, sat einnig fundinn og ritaði fundargerð.

Stjórnarformaður SSH, Ármann Kr. Ólafsson setti fund og stýrði.

Þetta gerðist:

1. Málefni byggðasamlaganna

- a) Niðurstaða rekstrarúttektar og eigendafundir SORPU bs. og Strætó bs.
- b) Tillaga frá aðalfundi SSH 2. desember 2016.

Ágúst Þorbjörnsson ráðgjafi hjá Framsækni ehf. sat fundinn undir þessum dagskrárlið.

Fyrir fundinum lá minnisblað framkvæmdastjóra frá 9. janúar 2017, ásamt tillögu að verklagi við kynningu, úrvinnslu og afgreiðslu á niðurstöðum rekstrarúttektarinnar í stjórnnum byggðasamlaganna.

Umræður

Niðurstaða:

Stjórnarformanni og framkvæmdastjóra falið að stilla upp fundarplani í samræmi við fyrirbyggjandi tillögu og að þar verði gert ráð fyrir að þessari vinnu ljúki með kynningu á niðurstöðunni fyrir kjörna fulltrúa í sveitarstjórnnum aðildarsveitarfélaganna. Stefnt verði að því að verkefninu ljúki um miðjan febrúar nk.

Í ljósi ofangreinds verður ekki lagt upp í kynningu þá sem fram kemur í a) lið 4. máls 437. stjórnarfundar frá 5. desember sl.

2. BORGARLÍNAN – stöðu- og verkefnayfirferð

Fyrir fundinum lá minnisblað frá framkvæmdastjóra, svæðisskipulagsstjóra og verkefnisstjóra Borgarlínu dags. 9. janúar 2017.

Hrafnkell Á. Proppé svæðisskipulagsstjóri fór yfir minnisblaðið og helstu þætti yfirstandandi vinnu vegna undirbúnings Borgarlínunnar.

Umræður

Niðurstaða:

Stjórn samþykkir fyrirkomulag verkefnahópa í samræmi við tillögu í framangreindu minnisblaði.



3. Sameiginlegar reglur vegna skólaaksturs fatlaðra grunnskólanemenda /málsnr. 1501012

Fyrir fundinum lá minnisblað framkvæmdastjóra dags 9. janúar 2017, ásamt tillögu að sameiginlegum reglum um skólaakstur fatlaðra grunnskólanemenda og þjónustulýsingu vegna verkefnisins

Niðurstaða:

Framkvæmdastjóra falið að senda tillöguna til aðildarsveitarfélaganna til efnislegrar umfjöllunar og afgreiðslu.

4. Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur – beiðni um rekstrarstyrk

Lagt fram erindi stofnunarinnar vegna ofangreinds, dags. 14.12.2016

5. Erindi frá verkefnisstjórn verkefnisins “Staða og framtíð íslenskra sveitarfélaga“

Fyrir lá erindi verkefnisstjórnarinnar þar sem óskað er eftir fundum með landshlutasamtökum sveitarfélaga til kynningar á stöðu verkefnisins.


Samþykkt að bjóða verkefnisstjórninni að kynna verkefnið við upphaf næsta stjórnarfundar.

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 13:55



Akureyri
OLL LÍFSINS GÆÐI

Reykjavíkurborg - Ráðhús
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík



Akureyri, 11. janúar 2017
2007110127 / 01-730

Efni: Reykjavíkurflugvöllur - lokun neyðarbrautar

Bæjarráð hefur á fundi sínum þann 5. janúar 2017 gert eftirfarandi bókun:

Í höfuðborg Íslands er eina hátækisjúkrahús landsins. Það er því lífsnauðsynlegt að þangað sé ávallt greið leið með sjúklinga hvort sem er af höfuðborgarsvæðinu eða landsbyggðunum. Lokun Neyðarbrautarinnar svokölluðu á Reykjavíkurflugvelli hefur á undangengnum vikum leitt til þess að sjúkraflugvélar hafa ekki getað lent í Reykjavík né annars staðar á Suðvestur horninu með alvarlega veika einstaklinga, sem hafa þurft á bráðnauðsynlegri umönnun að halda á þessu eina hátækisjúkrahúsi okkar landsmanna. Það er því ófrávíkjanleg krafa bæjarráðs Akureyrarkaupstaðar að Neyðarbraut Reykjavíkurflugvallar verði opnuð aftur þar til önnur og jafngóð lausn finnst.

Bæjarráð skorar á Borgarstjórn Reykjavíkurborgar, innanrikisráðherra og Alþingi að stuðla að því að svo geti orðið.

Þetta tilkynnist hér með.


Virðingarfyllst,
fyrir hönd bæjarstjóra

Elín Dögg Guðjónsdóttir
skjalastjóri





Borgarstjórn Reykjavíkur
Ráðhúsi Reykjavíkur
101 Reykjavík



Fjarðabyggð, 6. janúar 2017
Tilvísun 1511126/14.4


Málefni Reykjavíkurlflugvallar

Bæjarráð Fjarðabyggðar ályktaði á fundi 2. janúar sl. um málefni Reykjavíkurlflugvallar.

Bæjarráð mótmælir harðlega hvernig komið er fyrir sjúkraflugi á Íslandi með lokun Reykjavíkurborgar á neyðarbraut Reykjavíkurlflugvallar. Það má aldrei gleymast að það er sameiginleg ábyrgð allrar þjóðarinnar að öryggi og heilsu íbúa landsins sé ekki stefnt í tvísýnu. Sveitarfélagið Fjarðabyggð hefur axlað sína ábyrgð í þessum málum með aðkomu sinni og aðila í heimabyggð, að endurbyggingu neyðarbrautar við Umdæmissjúkrahús Austurlands í Neskaupstað.

Bæjarráð Fjarðabyggðar hvetur því Borgarstjórn Reykjavíkur að endurskoða strax ákvörðun sína um lokun neyðarbrautarinnar.

Jafnframt er mikilvægt að ríkisvaldið komi að málinu, þannig að það verði leyst til framtíðar.


Páll Björgvin Guðmundsson
bæjarstjóri

Samhljóða bréf sent innanríkisráðherra og þingmönnum Norðausturkjördæmis



Reykjavíkurborg
Borgartún 12-14
105 Reykjavík
b.t. Dags B Eggertssonar,
borgarstjóra

Þórshöfn 13. janúar 2017

Efni: Lokun neyðarbrautar á Reykjavíkflugvelli

Hr. Borgarstjóri,

Þann 12. janúar s.l. bókaði sveitarstjórn Langanesbyggðar eftirfarandi undir lið 9. á dagskrá.

9. Lokun neyðarbrautar á Reykjavíkflugvelli

Sveitarstjórn Langanesbyggðar harmar eindregið þá ákvörðun Borgarstjórnar Reykjavíkur að loka NA/SV flugbraut á Reykjavíkflugvelli, svokallaðri neyðarbraut og bendir á að sú ákvörðun muni hafa grafalvarlegar afleiðingar. Sveitarstjórn bendir á að aldrei má gleymast að það er sameiginleg ábyrgð allrar þjóðarinnar að öryggi og heilsu íbúa landsins sé ekki stefnt í tvísýnu. Lokun flugbrautarinnar er ekki einkamál Borgarstjórnar Reykjavíkur. Flugvöllurinn í Vatnsmýrinni er mikilvægasta samgöngumannvirki þjóðarinnar og er það sameiginleg ábyrgð okkar allra að öryggi og heilsu íbúa landsins sé ekki stefnt í tvísýnu.

*Sveitarstjóra falið að koma ofangreindri bókun á framfæri við rétta aðila.
Samþykkt samhljóða.*

Umræddri bókun er hér með komið á framfæri með eindreginni ósk um að hún verði tekin fyrir í borgarstjórn og rædd þar.

Virðingarfyllt
f.h. Langanesbyggðar

Elías Pétursson, sveitarstjóri

Afrit af bréfi þessu er sent með tölvupósti á Innanríkisráðuneytið, þingmenn NA kjördæmis og borgarfulltrúa í Reykjavík

